

## ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR

### TVÆR RITGERÐIR UM SKÁLDSKAP Í KVÆÐABÓK ÚR VIGUR (AM 148 8vo)

Á 16. OG 17. ÖLD höfðu prentaðar bækur evrópskra húmanista um skáldskaparfræði mikil áhrif á bókmenntalíf í álfunni. Þær voru oftast samdar á latínu og áttu rætur í klassískum bókmenntum og mælskufræði forn-Grikkja og Rómverja. Markmið þessara rita var það helst að kenna samtímaskáldum að yrkja á nýlatínu í samræmi við klassísku hefð mælkskulistar og óðfræði, en einnig að skýra og skilgreina klassískan skáldskap. Eitt áhrifamesta rit af þessu tagi er án efa *Poetices libri septem* eftir Ítalann Julius Caesar Scaliger (1484–1558), sem var skrifað á latínu og kom fyrst út á prenti árið 1561.<sup>1</sup> En þó að skáldskaparfræðin hafi, a.m.k. í byrjun, aðallega miðast við bókmenntir á latínu mátti þó einnig herma aðferðir þær sem hún kenndi upp á bókmenntir á þjóðtungum samtímans. Í lok sextándu aldar fara því að birtast ritgerðir um skáldskaparfræði á þjóðtungunum, þar sem byggt var á sama grunni og hinar latnesku, enda hefur þessi fræðigrein stundum verið nefnd „retórisk skáldskaparfræði“ (sbr. Plett 2004:87). Hér má til dæmis nefna Bretana George Puttenham (1529–1590), með *The Art of English Poesy* sem var fyrst prentuð árið 1589 og Sir Philip Sidney (1554–1586), með *The Defence of Poesy* sem var fyrst prentuð 1595,<sup>2</sup> Þjóðverjann Martin Opitz (1597–1639), en bók hans *Buch von der Deutschen Poeterey* kom fyrst út árið 1624,<sup>3</sup> Danann Søren Poulsen Gotlænder Judichær

<sup>1</sup> Það hefur nýlega verið endurútgefíð með þýskri þýðingu: Iulius Caesar Scaliger. 1994–2003. *Poetices libri septem. Sieben Bücher über die Dichtkunst*. Útgefandi og þýðandi Luc Deitz. Frommann-holzboog, Stuttgart-Bad Cannstatt.

<sup>2</sup> Nýleg útgáfa ritgerðanna er í: Sidney's 'The Defence of Poesy' and Selected Renaissance Literary Criticism. 2004. Útgefandi Gavin Alexander. Penguin Books, London.

<sup>3</sup> Hún hefur verið endurútgefín nokkrum sinnum á síðustu öld, t.d. Martin Opitz. 1963. *Buch von der Deutschen Poeterey* (1624). Neudrucke Deutscher Literaturwerke, Neue Folge 8. Richard Alewyn gaf út. Tübingen. (Sú útgáfa er reyndar byggð á útgáfu Wilhelms Braune frá 1876).

(1599–1668), en tvö rit eftir hann um skáldskaparfræði komu út á 17. öld, *Synopsis Prosodiæ Danicæ* 1650 og *Prosodia Danica* 1671,<sup>4</sup> og að lokum Svíann Andreas Arvidi (um 1620–1673), með *Manuductio Ad Poesin Svecanam*, sem prentuð var 1651,<sup>5</sup> svo að nokkrir séu nefndir.

EKKI er rúm í þessum inngangi fyrir ítarlega greinargerð um evrópska skáldskaparfræði frá tíma endurreisnar og barokks, en mun fleiri rit af þessu tagi voru samin en hér eru nefnd, sum prentuð en önnur varðveitt í handskrifuðum bókum. Sjónum verður á hinn böginn beint að þætti Íslendinga í ritun skáldskaparfræða á sautjándu öld. Íslendingar áttu vitaskuld sína Snorra-Eddu til að hampa í þessu tilliti, og var hún skrifuð upp, úr henni unnið, gerðar við hana skýringar og hún þydd á latínu og dönsku. Þekktustu verkin af þessu tagi eru án efa Laufás-Edda séra Magnúsar Ólafssonar (um 1573–1636), en hann er talinn hafa unnið að henni á fyrsta áratug sautjándu aldar (Faulkes 1979 I:15),<sup>6</sup> og Samantektir um skilning á Eddu eftir Jón Guðmundsson lærða (1574–1658), sem munu vera samdar árið 1641 (Einar G. Pétursson 1998 I:19).<sup>7</sup> Þessi tvö rit eru t.d. nefnd í kafla um íslenska höfunda ritgerða um skáldskaparfræði í bók Árna Sigurjónssonar, *Bókmennatkenningar síðari alda* (1995:121–124), sem hin einu á þessu sviði frá 17. öld. Árni telur að lítið sé til „íslenskra rita frá 17. öld þar sem vikið er að skáldskap“ (s. 121) og enn fremur að „skáldskaparfræði okkar — skrif og hugmyndir um eiginleika skáldskapar — [sé] í lágmarki á 17. öld“ (s. 124).

Ritgerðir um íslenskar bókmenntir frá þessum tíma eru þó fleiri en kemur fram í ofannefndu riti. Hér má t.d. nefna formála Guðbrands biskups Þorlákssonar fyrir sálmabókinni 1589 en þar er nokkuð fjallað um bókmenntir og viðhorf til þeirra.<sup>8</sup> Einig má nefna kafla í Íslandslysingu þeirri (*Qualiscunque Descriptio Islandiae*) sem kennd hefur verið Oddi Einarssyni biskupi og fjallar um íslenskar bókmenntir og bókmenntaiðkun í land-

<sup>4</sup> Bæði þessi rit voru endurútgáfum miðja 20. öld í einu bindi: *Danske metrikere* II. 1954. Útg. Arthur Arnholz og Erik Dal. J.H. Schultz forlag, Kaupmannahöfn.

<sup>5</sup> Hún var endurútgáfin nýlega: Andreas Arvidi. 1996. *Manuductio Ad Poesin Svecanam, Thet är/ En kort Handledning til det Svenske Poeterij/ Verf- eller Rijm-Konsten*. Útg. Mats Malm. Svenska författare utgivna av Svenska Vitterhetssamfundet. Ny serie. Stokkhólmur.

<sup>6</sup> Snorra-Edda í latneskri þýðingu Magnúsar var prentuð í Kaupmannahöfn 1665.

<sup>7</sup> Fyrra ritíð gaf Anthony Faulkes út 1979 en hið síðara Einar G. Pétursson 1998.

<sup>8</sup> Séra Magnús Guðmundsson prófastur gaf formálann út með nútímafsetningu í 2. hefti *Kirkjuritsins* 1972.

inu.<sup>9</sup> Enn fremur voru tvær ritgerðir á latínu um íslenskar bókmenntir fyrri alda, skáldskaparmál og stíl, birtar sem viðauki við *Literatura Runica* eftir danska fornfræðinginn Ole Worm (1636 og endurpr. 1651), önnur eftir áðurnefndan Magnús Ólafsson í Laufási og hin eftir Porlák Skúlason (1597–1656) Hólabiskup.<sup>10</sup>

Ritgerð séra Magnúsar Ólafssonar var endurprentuð sem viðauki við útgáfu Anthony Faulkes á Laufás-Eddu ásamt enskri þýðingu (1979:408–415) en Faulkes virðist ekki hafa vitað að hún er til í íslenskri þýðingu í handriti frá s.hl. 17. aldar, sem nefnt hefur verið Kvæðabók úr Vigur (Faulkes 1993:102). Kvæðabókina skrifaði bóndinn Magnús Jónsson (1637–1702) í Vigur upp ásamt skrifurum sínum. Framan við ritgerð Magnúsar Ólafssonar í handritinu er önnur ritgerð samkynja, en þessar ritgerðir verða gefnar út hér að aftan.

Jón Helgason prófessor telur líklegt að Magnús Jónsson í Vigur hafi samið báðar þessar ritgerðir, enda væru þær skrifaðar upp af honum (1955:34–35). Sverrir Tómasson bendir hins vegar á að ritgerð Magnúsar Ólafssonar sem birtist á prenti í riti Ole Worms *Literatura Runica* 1636 sé til í íslenskri gerð í Kvæðabók úr Vigur (Sverrir Tómasson 1996:73; sbr. einnig Margrét Eggerts dóttir 2005:89–90). Mér sýnist að tilgáta Jóns um að Magnús í Vigur sé höfundur ritgerðanna hvíli alfarið á því að þær séu með hans hendi. Nú þegar sýnt hefur verið fram að önnur þeirra er ekki hans smið, þá er allsendis óvist að hin sé það. Þó má vera að hann hafi þýtt aðra eða báðar, eða samið þá fyrri, en fá rök hniga að því önnur en þau að rithönd hans er á ritgerðunum, en Magnús skrifaði ekki aðeins upp ritgerðirnar tvær heldur stóran hluta kvæðabókarinnar, sem inniheldur ritverk eftir ýmsa höfunda, m.a. útdrátti úr *Literatura Runica* Ole Worms (bl. 77r–83r). Enn fremur má benda á að fyrirsögn fyrri ritgerðarinnar gæti gefið til kynna að hún sé hluti úr stærra verki, „Nú kemur um skáldskapinn að tala“, ef til vill einhvers konar Íslandslysingu. Þó skal þess getið hér að í fyrri ritgerðinni kemur fyrir orðið „fundingaskreytur“ en Magnús Jónsson prúði, langafi bóndans í Vigur, notaði orðið fundning/fyndning um ‘inventio’ (sjá AM 702 4to, bl. 6r, sbr. Margrét Eggerts dóttir 2005:80).

<sup>9</sup> Íslandslysingin var gefin út 1971 á íslensku undir höfundarnafni Odds Einarssonar í þýðingu Sveins Pálssonar. Kaflinn um íslenska braglist og skáldmenntir er á s. 149–159. Menn eru ekki á einu máli um það hver samdi ritið (sbr. t.d. Einar Sigmarsson 2003).

<sup>10</sup> Sjá umfjöllun um þessi rit í Margrét Eggerts dóttir 2005:89–92. Ritgerðirnar voru endurprentaðar í S. J. Stephanus. 1645. *Noræ vberiores. Soræ.* (sbr. Faulkes 1993:102).

Sigurður Pétursson hefur einnig fjallað um þessar ritgerðir í Vigurbók, aðallega þá fyrri, í ágætri grein í *Renaissanceforum* 3(2007), þar sem hann fjallar um tilvísanir höfundar ritgerðarinnar til lærðra húmanista og klassískra höfunda.

Ritgerðirnar sem hér eru prentaðar bera það með sér að vera samdar af lærðum mönum sem þekkja bæði fornar bókmenntir og kunna að beita klassískum mælkubrögðum. Höfundarnir vísa mjög í Snorra-Eddu en hafa einnig á takteinum klassískar hugmyndir um skáldskapinn og vísa til erlendra höfunda. Hér skal aðeins nefnt sem dæmi muninn á list og náttúru hjá skáldum, sem m.a. má finna hjá Hórasi í *Ars Poetica*, og skálđið sem innblásið andlegum krafti eða í annarlegu ástandi, t.d. hjá Aristótelesi í *Um skáldskaparlistina*.<sup>11</sup> Hvort tveggja er fjallað um í síðari ritgerðinni. Fyrri ritgerðin fjallar um ýkjur og skreytur í sögum, rínum og kvæðum en hin síðari um íslenskan skáldskap, eðli hans, listfengi og lerdóm en einnig um skáldin og skáldskapargáfu. Báðar ritgerðirnar eru byggðar upp líkt og klassískar ræður og nota retóískar reglur ásamt ýmsum stílbrögðum og málskrúði að hætti lærðómsmanna endurreisnar og barokks. Báðar fjalla meira um reglur og aðferðir skáldskapar fremur en einstök skáld og skáldverk, og eiga það sameiginlegt með sambærilegum evrópskum ritgerðum frá þessum tíma (sbr. Alexander 2004:xxiv). Þær setja því fram kennningar um skáldskap og grafast fyrir um eðli hans og einkenni, þó að einnig sé minnst á ákveðin skáld og verk þeirra í síðari ritgerðinni.

\*

Kvæðabók úr Vigur er varðveitt á handritasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum undir safnmarkinu AM 148 8vo, skrifuð að mestu árin 1676–1677 af áðurnefndum Magnúsi Jónssyni, bónda og fræðimanni í Vigur, og skrifurum hans.<sup>12</sup> Handritið var ljósprentað 1955 á vegum Hins íslenzka fræðafélags í Kaupmannahöfn og sá Jón Helgason prfessor um það auk þess að skrifa inngang sem prentaður var í sérhefti (B), þar sem hann gerir m.a. grein fyrir efni bókarinnar, skrifurum hennar, handritinu sjálfu, ferli þess og sögu.

<sup>11</sup> Þessar hugmyndir koma viða fram þar sem fyrri tíðar menn fjalla um skáldskap, nefna má t.d. Jón Ólafsson úr Grunnavík í *Hagþenki*, í kafla sem ber yfirskriftina „Ad skiaellda i Jslendsku“ (1996:53–54).

<sup>12</sup> Fyrra ártalið kemur fyrir á bl. 76r en hitt bl. 213r.

Handritið er 344 blöð og seðlar með ýmsum höndum en mest með hendi Magnúsar, eins og kom fram hér að framan. Handritið er blaðmerkt 1–354 en tölusetning er ekki nákvæm, hlaupið er yfir blöð og auk þess hafa um 15 blöð týnst úr handritinu.<sup>13</sup> Ritgerðirnar eru á bl. 30v–34r hin fyrri og 34r–38v hin síðari (ritgerð Magnúsar Ólafssonar í Laufási).

Titilsíða er fyrir bókinni og hljóðar svo:

Ein Afbragds Frödleg, listug, aðgiæt, Skemteleg, Nitsøm og efter-tektarijk Bök margz frödlegz og fallegs Vijsdoms, lærðomz, og þægelegra efterdæma. Innehalldande Marga aðgiæta Kvedlinga Vijsur, Bragarhætte, og annad aðgiætt fræde, Å medal hvørs ad er Historia umm Grænlandz Hættalags og annad þess Kona(r). Samannteckn og Skrifud af Virduglegumm Høf(d)ings [M]anne Magnuse Joons Syna [sic] Ad Wigur á Isafiardar Diupe.

Handritið inniheldur bæði eldri skáldskap og kvæði frá samtíma Magnúsar Jónssonar, auk nokkurra kafla í óbundnu máli. Dálítillar tilhneigingar gætir í kvæðabókinni að raða skyldu efni saman. Næst á undan ritgerðunum er að vísu kvæði sem inniheldur bölbænir og fúkyrði í garð djöfulsins en á undan því er „Hættalikill edur Bragarhætter, Kunstriikra Kuedlinga, Kurteijsra kuæda, Veglegra Vijsna, Listelegra liða ...“ og á eftir ritgerðunum eru dróttkvæðar vísur um fornsagnakappa, dýrt kveðnar, og þar næst annar háttalykill.

Á miða sem bundinn er á milli bl. 30 og 31 stendur með hendi Árna Magnússonar: „Petta um skalldskap ad skrifa i 4to. Er klart og confererad.“ Hefur Árni látið skrifa ritgerðirnar upp, e.t.v. til að nota í bókmenntasögu þá sem hann hafði í smíðum. Þessi uppskrift hefur ekki varðveisist svo vitað sé, enda brunnu drög Árna að bókmenntasögunni í Kaupmannahafnarbrunanum 1728 (sbr. Jón Ólafsson 1738:54v).

Magnús Jónsson í Vigur var af áhrifamestu og ríkustu ættum landsins á sínum tíma. Faðir hans, sr. Jón Arason prófastur í Vatnsfirði, var sonur Ara Magnússonar í Ögri og Kristínar Guðbrandsdóttur Hólabiskups. Móðir hans var Hólmfríður Sigurðardóttir, sonardóttir Odds Einarssonar Skálholtsbiskups. Magnús var settur til mennta í latínuskólanum í Skálholti en hugur hans stóð ekki til æðri prófgráða og gerðist hann bóndi á Vestfjörðum. Hann varð snemma umsvifamikill handritasafnari og

<sup>13</sup> Um petta og arkaskiptingu handritsins má lesa nánar í Jón Helgason 1955:15–17.

bókagerðarmaður sem hafði marga skrifara í þjónustu sinni. Eitt hið elsta handrit sem vitað er að Magnús lét gera er Papp 4to nr. 16 sem varðveitt er í konunglega bókasafninu í Stokkhólmi, en það var skrifað árið 1654, þegar hann var á sautjánanda ári (sbr. Jón Helgason 1955:8). Umfjöllun um handrit sem talin eru runnin undan rifjum Magnúsar er t.d. í fyr nefndum inngangi Jóns Helgasonar (1955:7–14), grein Agnethe Loth í *Opuscula* 3 (1967), grein Jóhanns Gunnars Ólafssonar í *Skírni* 1956 og lítið eitt í grein Peters Springborg í afmælisriti Jóns Helgasonar (1969).<sup>14</sup>

Hér verða þessar tvær ritgerðir gefnar út stafrétt eftir handritinu með örlitlum frávikum í skriftartáknun. Stundum er a í framstöðu skrifað með lykkju upp úr legg stafsins en það er ekki auðkennt hér. Ekki er gerður greinarmunur á ‘r’ og ‘z’, ‘s’ og ‘f’. Leyst er upp úr böndum með skáletri. Ekki er alltaf auðvelt að sjá mun á stórum stöfum og litum en skrifari dregur t.d. stafina h og j oft stórum dráttum án þess að ljóst sé hvort hann ætti þeim stöðu stórs eða lítils stafs. Það er þó greinilegt í nöfnunum Hieronijmus og Haralldur að um stóran staf er að ræða og því gengið út frá því að h annars staðar sé lítill stafur. Aftur á móti setur skrifari oftast J í framstöðu orða og fyrir forsetninguna í. Einnig er oft vafamál hvort skrifað er ij eða ý í handritinu. Á örfáum stöðum setur skrifari lítinn staf í upphafi sérnafns en hér er slíkt samræmt. Greinarmerkjasetningu handrits er fylgt en á stöku stað er bætt við kommu innan oddklofa, einkum þegar hana vantar í upptalningu orða. Skrifari ritgerðanna skiptir oft upp samsettum orðum sem nútímagrenn myndu hafa í einu lagi og er farið eftir því í útgáfunni. Þó skal það tekið fram að hann merkir ekki alltaf skiptingu milli lína. Þegar um er að ræða orð sem skipt er milli lína er þeim haldið í tveimur orðum þegar skrifari merkir ekki að um línuskil sé að ræða og skiptingin er milli samsettra orða, orðs og viðskeytis eða orðs og forskeytis, enda er slíkt gjarnan í tveimur hlutum annars staðar í textanum. Þetta er ekki gert þegar um skiptingar eins og Jrk-isseyne, Stur-luson, nu-med, mä-le er að ræða. Blaðaskil eru merkt með lóðréttu striki í útgáfunni og blaðtal næsta blaðs sett á spássíu. Að lokum skal þess getið að griporð eru jafnan í handritinu en þau eru ekki skrifuð upp hér.<sup>15</sup>

<sup>14</sup> Jóhann Gunnar Ólafsson fjallar nokkuð ítarlega um Magnús í Vigur, ætterni og æviferil, í þessari grein.

<sup>15</sup> Ég þakka Haraldi Bernharðssyni góðar ábendingar varðandi útgáfuna og ónefndum ritrýni *Gripplu* sömuleiðis.

## Nu kemur vmm skälldskapinn ad tala.

Nu þö ad dräpur og flockar, bædi gamallra og jngre skällda, og frædemanna, haffve vnder mis Jófnum döme og virdingu sumra | huórra offt-sinniss leiged, þä er þad þö víjst, ad slijkar merkelegar frædemeniar eru þö einginn hiegöme edur rädlejsa, aff huórium calle og kellingu orttar, og kuednar; helldur kurtteijsleg kuæde, og dijr legar dikttaner, effter rettum liöda lögum, og vißsum skälldskapar takmörkumm, aff forfórnnum frædum, og skóruglegumm skälldumm samann settar marga hlute þeirrar alldar, minniss stæda Jnne bindande, Þesser skälldmenn skijrer og skórugleger saman töku, og vppreiknudu, med þess hättar liödum og vißum, hraustra her manna, sterkra strijdzmannu og afrex kappa frábærar frægder, og voru i þeim metordum, og virdingumm sem nu eru Cancelerar edur rädgiafar, Renttumeijstarar, edur fie Hirdarar, og adrer dijrer dreinger, forsöktter frij herrar, edur hosker hóffdingiar, þuiad þess meir sem einn var lofgiarnare, og æffinlegrar minningar astundunarsamre, þä batt hann i sinn vinskap þui fleiþre þess konar Jpparlegre, og med sier, üte og Jnne, J rösemi, og hernadarferdlögum flutte so ad þeirra frægder | og framkuæmder, kinne þess betur, henttuglegar og liöslegar, aff þeim ad skijrast og ötmälast, stundum fiell þessum skälldum til nockur mannlegur breiskleijke, þuiad annad huortt aff hóffdingia reijde skelfder, edur aff fiemütumm forspilltter, edur af hatre vppæster, edur aff vinättu vielader, og aff gunst gabbader, dröu þeir i hlie openn berann sannleijka, og villdu hann ei med liösumm ordummi vtskjra, helldur med skreijtnanna Jnnviklan, hiegömanz hilmingum, og dikttanna dulmælum, sónn rök og athafner<sup>16</sup> dylia, og hylia, og þetta ä medal annara, eru rök, og Jrkisseyne, til eirnra, og annara skreijtelegra og grunsamra frásagna, sem i sógum og rijmum offt og ösialldann framm koma, og meir ikiur enn sanminde virdast meiga, Jafnuel þö skälldinn hafe vpp ä nockurn grunduóll sanleikanz ätt stundum ad biggia. Ad nu soddan sagnanna Jkiur, leifast stundumm (enn þö miög sparlega, forsiallega, og kiænlega) J sógunnar [svo!] Jnn ad færa, | sierdeijliss þad sem stodar til heýdar legs framm ferdiss, og lesarann giórer higginn og vitrann, sem og

31 v

32 r

<sup>16</sup> athafner] + ad útstrikað.

eirninn higginna manna gedzmune, hýra, og hressa, glada og listuga góra, þui vanttar þá ecke sem med studninge effter dæma, og myndugleika mikils hättar sagnameijstara, þad aluarlega hallda og keppa, ad slikj ädur nefnd stjilingar adferd meige framm fara, ä medal huórra er Hieronijmus Cardanus, huórs ord so hliöda j 80. Cap. 15. bökar, *De rerum Varietate*.<sup>17</sup> ecke er þad last legt fyrer sagnameijstarann, þó hann prýde sóguna med skreijtne og ijkium þar hun er i sier annars tömleg, og längsamleg, þó ad Titus Livius,<sup>18</sup> hafe þar vid spornast, Enn *Saxo Grammaticus*<sup>19</sup> þar aff lofast. Nu mætte einhuór seigia, og mier J gegn andsuara, ad sierhuór saga, og rijmna flockur, eige ad vera sem ónnur mey, öspilltt, ökreinktt, skýrleg, heýdarleg, vamma laus, og hreinferredugleg; þui skulu smä skreijtur sagnanna

- 32 v og rijmnanna nockurz sinnislag hneigsla, effter þui þær | spilla ei sógunnar sannelejka, nie helldur skerda hennar atgiórlejka. Jä ad sónnu, sagna og rijmna, skreijtur og ikiur spilla ecke nie vigla sógunne, edur rijmna flock ecke nijda þær, helldur prijda þær henne, Lijka sem gull og gimmsteinar, skíjjr ljffra meija lijkame, huórier þó eru ad sónnu hiner hreinferredugustu, Enn so sem vondar lauslætiss skíækjur góra med skarttinu, emn berlegré og mikilfenglegré sinn lauslætis liotleika. J sama mäta, þó ad sagann edur flockurinn sie margbreijttur, fiólordur og Jfergrips mikill, enn þó aull ästaedan og Jnnehallded falsad og logied, þá reingest slijkt maklega, og forakttast rettelega, so sem dristug og dramblät J þessum sýnum öhrödre huórs vegna huór einn rijmna flockur ä ecke ad vera öprijjddur, eckj berligur, ecke fäligur, ecke daufligur, helldur prijdeligur, blömligur, skrautbuinn, fiól menneligur, lidligur, og ljffligur, äuallt þó heill og fullkomligur, og sem eg skillde sagtt haffa, öspillttur og sömasamligur. Sumer vilia ólldungiss burtt sküffa sumum rijmnanна smäskreijtum, sem hingad og þängad
- 33 r eru Jnnslettar, edur Jnn | færdar, so sem rijmnanna rögsemdir överdugar, og þeirra vegna góra þeir skälldinn fyrer lije ad skulda, mióg rängsnuinn dömur munde verda vmm þad sem hingad og þängad er dreiged og til færtt, aff Jmsum skälldum J adskiliann lega rijmna flocka, og grunsamlegt kann mórgum virdast, eff vier skilldum þess vegna þad ei fyrer satt hallda, edur minsta koste lijkleggt, aff þui þad er ecke lijktt vorum alkunnum hlutum,

<sup>17</sup> Hieronymus Cardanus (1501–1576) var ítaliskur stærðfræðingur og heimspekingur. *De varietate rerum* var fyrst prentað 1557. Skýringar eru fengnar úr *Íslensku alfræðiorðabókinni I–III* nema annað sé tekið fram.

<sup>18</sup> Livius Titus (c. 59 f.Kr.–17 e.Kr.), rómverskur söguritari.

<sup>19</sup> *Saxo Grammaticus* (d. um 1220), danskur sagnaritari.

sidumm og hättum, nie helldur sýnest sambiöda, vorum listumm og vitzmum, og ef vier eirninn fastlega keppumm, ad vier óngu audru trua eignum, enn þui vier auduelld lega skilium, og med hugferde einu begrijpum, Þad er og ei än ordsaka tilheiðrelegett, ad vier vmmlydumm og tilhlidrum vid skálldinn, þö þau skeike og skeijke nockud aff sanneikanus stigum, sierdejiliss þä þaug skriffa og samantaka, gamlar meniar og forn fræde, þui huad hellst sem vier seigium edur tólum vmm skálldinn, þä ä þad so ad vpptakast, ad vier þar til huga rennum, og þess minnustum ad þeir menn sieu, og strax þä ei aff virdumm, þö þeir med nockre skreijtne | og ijkium, meige blanda nockud, þui so sem eirn siödrope kann ecke lijtinn læk, (Enn sjdur stor vatz föll) salltann ad góra. So kann og ecke heill ríjmna flockur lyginn ad seigiast, þö ad nockud skreÿtt meige þar inn smeigiast. Jä ad sónnu, þad kann ei ad ske, ad vier ei stundumm tælunstumm J þuij sem längtt er verande frä voru minne, sierdejiliss J effnum framande þiöda, Og valla heiþrest nockud þad skälld til vera huóriu ad eckj nockrar ijkur, so sem annad käm edur fleckur vid lode. Þar fyrer kann valla nockud þad skälld ad finnast, sem ei nockud ijke, edur vppskrókue, enn eckj meigumm vier þar aff älikta, ad vier skulumm þess vegna allar Ríjmur og kuedlinga frä fælast. Slijkar og þuilijkar fundinga skreijtur, og gaman ijkur, geffur nög lega aff sier vor gamla og alkunnuga Jslendska Edda, aff Snorra Sturlu syne lögmanne Anno 1215 Saman skriffud<› huór bök ad er marghättadra menia gamallra, hin gagna dugasta hirdsla, og handrade, huórre greindre Eddu ónnur heffer þö vered miklu Elldre, sem þeim gamla Ödinn heffur eignud ver|ed, So vier hóffumm valla effter hundradasta partt hennar, vtann siälfitt naffnid, og þad vier hóffumm heffde aulldungiss forfallen, heffde greindur Snorre Sturluson ei nockurn Lit ägiórtt hennar skugga, þö helldur enn sialfum bolnum vppe ad hallda.<sup>20</sup>

33 v

34 v

<sup>20</sup> Þessi efnisgrein er tekin úr bréfi Brynjólfss biskups Sveinssonar til Stephaniusar 1641 sem var prentað í *Note uberiores* 1645 (sjá m.a. *Corpus poeticum boreale* I:xxx). Sbr. Jón Helgason 1955:34.

[Magnús Ólafsson í Laufási]

## Wmm Sama Effni.

Eff eg segde ad vor Jslendskur skálld skapur, Jffergeinge edur Jffergnæffde  
ad Lyst, snille, krafftæ, og verkan, allra annara þiða og tungumála, lið og  
lagirde, kuæde og kuedlinnga, þá munde eg eckertt öfimlegt, edur ösnot-  
urleggt þar vmm herma, edur framm bera, og eff eg meinte, sem eg mier J  
hug feste, ad vor greindur Jslendskur skálldskapur, etiade kappe vid annara  
skálld skap, þá kann ske ad sä hinn same hiellde mig ecke villt fara, sem J  
vorum skálldskap være frægur, og forfarinn, sem og eirninn hann fullkom  
lega, med snilld og snoturleika kinne og numed heffde. þuiad so mórg  
mennta blómstur(,) figuru mäl, margbreittar hlutanna naffngiffter, og  
kenningar aff gómlum dæme sógum, lidlega, breitjtegla, og mirkuu mäle  
34 r näkuæmlega tildregnar heffur þesse vor skálldskapur, | ad eg meina þad  
kunne ecke edur valla nockrum framande edur ökendum ad vätskijrast.  
Huad vmm, siälfær Jslendsker sem ecke hafa skálld skapar gäffu nockra  
þeiged, af gómlum liðda menium, og Eddu rókumm, kunna þad eckj ad  
nema edur skilia, nie helldur nockra grein ä ad gióra, og þesshättar skálld-  
skap, sem er annarlegur og fräkinia almennelegu mälfære hafa þeir gómlu  
äsamäl kallad, sem þö er vortt mälfære, enn þö dulinn og hulinn, mirkur og  
vanduafinn fyrer vorum skilninge. Pesse er nu ordsókinn huar fyrer Jafnvel  
vellärdumm mónum, huórium vortt tungumäl er ökunnigtt sierdeijliss þar  
sem vier skulum j Eddu kenningum þeirra vtlegging brüka, þá kunnum vier  
þeim eige þar vti ad samsinna, jafn vel þö ad Eddu mäl fære, marghättadar  
og längt ad dregnar hlutanna kenningar kunne ä Lätijnu ad vtsetiast, samt  
sem ädur ordanra prijde, vigttug ord snille og riettur og sanmur Eiginn  
legleijke, effter þui sem vortt tungumäl hliðdar, kann ónguanneiginn ad  
audsýnast, nie vtbijtast, af meire losta og lysteseme, verdur hier aff siälfum  
35 v brunninum, vatnid drucked, og vtsped. | Par med og eirninn, er Edda  
Saman skrifud til gagns og nytsemda J voru tungumále, og allra hellst  
þeim, sem sierdeijliss skálldskapar gäfu þeiged hafa, meijnande hana þeim  
framrar audrum, hentesamlegast og hagfelldast hugada vera, so mórg eru

Liöd, dräpur(,) rijmur og bragar hætter, J vorumm *Jslendskum* skälldskap  
 ad þad kann ecke ad frammteliast edur vppreijknast, so marguijslega og  
 snille lega, suara sier Jnn birdiss, bök stafanna, atkuædanna og ordanna  
 samhliödendur, ad þeir sem þar vppä heijra og tilhljyða, hýrast og hressast  
 þar aff med Jnde, og effterlæte furdann lega, ef gaumgiæfft er granduarlega  
 ad öbriäladre filgis spektt, þriggia sierdeiiliss hófud hliödstafa, i huórre  
 Erindiss hendingu, Jafnmórg atkuæde, Jaffn mismunur, edur töna hättur,  
 stuttur eda längur og annad þessu lijktt, og ónguanneiginn brükast J vorum  
 skälldskap færre vareigder, leijfe, figurur, og annarlegar þýdingar, helldur  
 enn J Lätijnskum skälldskap siälfra hófud skälldanna. Hier ad auk J  
 gómlum kuedlingum eru so *margar* | ordfurdur lidlegar og snotrar, ad j  
 einu erinde haffa þeir Jnneluktt, tuó edur fleijre liöda efne, og skilnings  
 greiner, sem sier ä vijxl suara, huad þeir hafa kostgiæfelega gaum giæfft, og  
 grundad, so marger eru þar Jnne og fyrer hittast Logogrijphi, mälkrökar,  
 og gaman ijkur artuglega tilfundnar, so ad Jaffnvel siälfumm hóffud skälld-  
 unum verdur hier ad övppleisannlegt vandræde, og lesendurner þö ordin  
 skilie þä skilia þeir lijted edur eckertt *vm* siälfftt effned, Enn þessare vorre  
 skälldskapar lyst þä hæle eg ecke þar fyrer so mikelega ad eg J þessu tüngu  
 mäle er Jnne borinn og barnfæddur, edur og hier af lijtinn smeck og nasavit  
 þeiged, helldur þess vegna ad þesse lyst er sierdeiiliss og stók gäfa, full aff  
 menttum, lyst og näme, huórtt hid sama eitthuórtt vortt bök lärddt skälld,  
 og J þessare lyst fröd lega vppmentadur, kann auduelld legar med sinne  
 nälgd, einum skarp skiggnumm og snar vitrum manne, þö vortt tungumäl  
 meige ökunnugt vera, firer siöner setia. Hier næst og framar, hefur vor  
 skalld skapur, þad enn eitt sierdeiiliss legtt til ad bera, ad Jafnuel þö i  
 almennelegum tungumälum huór einn, effter sid og skicke | sijns landskapar  
 kunne liöd ad diktta, ord ad binda, og sier til gagns edur gamanns ad snua,  
 samtt verdur einginn sä skälld J voru tungu mäle, og ecke än störrar mädu,  
 og erffidissmunu, getur nockur þann auduelldasta bragarhätt edur ferskeitt  
 Erinde, med rettre artt saman komed, Jaffn vel þö hann þad freklega girn-  
 est, vtann hann sierdeiiliss lega skälldskapar gäffu hafe þar til þeiged, og so  
 sem af nockurz konar skälldskapar andagifft þar til stiörnest, huór skalld-  
 skapar gifft ad sónnu, so sem adrarr nätturunnar hreiifingar til falla og  
 hlotnast, sumum meire, sumum minne, sumer gióra kuedlinga lid lega, for-  
 huxader, nockrer af äkafre andagifft med nockurz konar hradmælge og  
 mälfime framm ausa strax af stundu sialfkrafa og öfor þeinktter, og övid-

35 v

36 r

buner, allra handa bragar hättum, so allt huad þeir äforma ad tala, og framm seigia, verdur alltt skälld skapur, og kuedlingar, so sem þad frábæra skalld fordumm hiä þeim Römversku, vmm sijna skälldskapar gifft, og gäfu med kende, og eckj er þeim greijdare sundurlaus enn bundinn ræda. legdu þad og hier til, ad strax J firstu barnæsku, þä geffur aff sier þess hättar nättura  
 36 v viss | og glögg kennemerke, og ecke er þad vndann fellande nie yfer þeigiande, ad þesse nätturu hreijfing er skórpust og äkóffust med niju tungle, og ad eitt þiöd skälld þä hann audrum skälldskapinn framm pilur edur þä hann siälfur kuedur, og semur kuedlingana af marke og aluóru, þä mä þier sä virdast, annad huórtt vijn druckinn, edur hälfgalinn, edur so sem af nockurs konar suip legu æde, fängenn og hertekinn, og þetta nätturu lag siest offt lega, Jaffnvel aff ökendum, med sierdeilis lätæde, og vidbragde, huórtt ad vier Skälldvijngl almennelega nefna giórumm. Nockrer eru þeir sem hallda, ad vor skälldskapur hafe, furdann legann krafft, og verkan bæde vmm Jllt ad gióra, og Jllu ad affstíjra, huar kann ske dæme meige til finnast. Sama krafft tileignade sä vessunum sem ecke efade sig ad seigia. Carrmina vel Cælo possunt deducere Lunam.<sup>21</sup> huórs vegna ad nockrer higgner menn aff vorum gómlum forfedrum hafa þetta ord tæke, so sem  
 37 r annad heilræde effter sig läted. ad ei Skule Skälld eria. Eirninn | er vitnad til Socratis<sup>22</sup> rádlagningar, ad Huór sem vill hölpinn vera, ä heilsu og heijdre, än hneisu og hnindrunar, hann skule varast skälld sier ecki ad övin gióra. J huad micklum häuegum og virdingum vor gómlu skälld vered haffa, hiä framande köngum,<sup>23</sup> herrum og hóffdingum, sem ä voru tungu mäle nockurtt skinbragd hafft haffa, huór vor skälld þeirra snilldar verk, og frábærar frægder, hafa med kurteijsum kuedlingumm, dijrlegum dräpum, og fogur legumm flockum, sijnum effterkomendum geimtt og foruarad, þar aff er augliöst, ad þeir hafa aff þeim þeigid gullhrijnga, gullrekinn vopn, skarlatz skickiur, og adra þess hättar mike lega stör skeinke, gäfur, og gersemar og first og fremst þad Jffer tekur, þä hafa þeir sier for þienad, siälfra könganna villo og vinättu, suo sem gamlar sógur og historiur alluïnda votta og vtuijsa, og so ad eg aff mórgumm fää ä naffn neffne. Sä loffleige

<sup>21</sup> Þetta er úr Hirðingjaljóðum Virgils eða Eclogae: carmina vel caelo possunt deducere lunam (i lauslegri þýðingu: Söngvar geta jafnvel dregið mánann niður frá himninum). Sjá Virgill. 1978, VIII:70.

<sup>22</sup> Sókrates (469?–399 f.Kr.), grískur heimspekingur.

<sup>23</sup> Fyrst skr. skälldum en svigi settur um orðið og köngum skrifast á spássiu að því er virðist með sömu hendi.

köngur Ölæffur Trigguason Norex köngur haffde J sinne hird og hóllu á medal annara Hallfred vandræda skälld Jslenndskann | huórium hann frá heidnum sid snere til Christelegar truar og J skijrninne veitte hann honum Gudsyfiar, huórium manndrap J hannz eiginn hóllu, fremiande, herfelega, gaf hann honum ljf sitt afftur af göduilia, ad fridudum og for liktum frændumm hins vegna, og sämde hann þar thil mórgum gióffum, vmm þennan Hallfred seiger so J sógu hanns ad effter frá fall köngsins hafe hann alldrei gladur vered, og er so sagtt ad Elska til köngsinz, hafe hin hellsta ordsók til hanns dauda verid. Ölæffur köngur Haralldz son haffde og med sier J fride og strijde, þriä nafn kenda filgiara vorumm aff landzmónum, sem skälld voru, Sigurd<,><sup>24</sup> Þormod, og Geijrmund<sup>25</sup> Gullbrä, Vmm Sigurd er þad skriffad, ad J sundurlausre rædu haffe hann mäl stadur verid Enn J kuedlingum hinn hradaste, og mäl huataste, ecke ölijka og vmm Virgilium<sup>26</sup> er skriffad, ad hann hafe vered sein fær i tale, so hann virdtest sem annad ölærðt drussamenne. Þormodur og eirninn i Stiklastada bardaga, strijdande med fir sógdum könge, villde eckj effter hann fallinn leingur Liffa, helldur strijdde sem ä kafast | J meiginn hernum, þar til hann daudlega særður veijk frá orustunne, og þá daud vona vijdfrægde hann med kuedlingum sijs köngs velgiörninga, hreiste, og hug prijde, huórier enn nu til eru. ad sijdustu haffde su strijdz hetia, Haralldur köngur Sigurdarson, J sinne hird og herfórum, sier handgeinginn vijdfrægt þiöd skälld, Piödölff ad nafne hvíverskann, aff nordlendsku hierade J Jslande, so nefndan. Hier ad auk voru vijd fræger nockrer adrer, J könganna hóllum, þeir ed skälld voru Jslendsk, so sem J Danmórk, Suijarijke, og Einglände, sem og hiä audrumm hóffdingum, sem of längt er vpp ad reijkna, sem hiä þeim hafa hä metord, og störar gäfur vr bijtum bored, þesse skälld hafa og eirninn hóffdginga reijke, med sijnum skälld skap og kuedlingum, stillt og sefad, og lijffz og lima sier afftur afflad, so sem vmm Eigel Skallagrijmsson og Braga skälld ságur og historiur vt vijsa, og enn þö ad þetta, gamla retta, annadhuórt dannska edur norska tungu mäl, haffe ad mestu leijte J þessum lóndum vte hiadnad, og fra viked og haffa þess vegna soddan skällda vegur og | virding þar med forgeinged og vnder lok lided, þuiad ä ökendum er 38 v ästar þocke einginn, samtt sem ädur eru enn nu mórg skälld J Jslande fim

<sup>24</sup> P.e. Sighvatur (sbr. Jón Helgason 1955:34).

<sup>25</sup> P.e. Gissur (sbr. Jón Helgason 1955:34).

<sup>26</sup> Virgill eða Publius Vergilius Maro (70–19 f.Kr.), höfuðskáld Rómverja.

og frábær, huórs tungu mäl *enn* nu allra best þar vid hellst, og vardveitest, huórír eckj alleinasta heidnær meniar, er hiä Eddu einkann legast heima eiga, helldur og eirninn heilagar historiur, med einfólldum og skilianlegum skálldskap J kuedlinga, psalma og vijsur, snua og vmmhuerfa, og Christ-inndöminum vor ä medal nytsamlega medþijta. Öskande være ad þessa gudz gäfu villdu allir med þóckum taka, og þacklätu gede ad sier fadma. Enn so sem þad ad ä sinne Föstur Jórdú er eckj þacknæmur nockur spämadur, so og valla skálld og fræde madur.

Skálldskapar er kunnur krafftur,  
koste *hanns* fer alldrei afftur,  
männann leider liöda rafftur,  
laggtt ä Jórd þar ei var skafftur.<sup>27</sup>

<sup>27</sup> Vísan er ort út af latneska orðtakinu á bl. 36v (sbr. Jón Helgason 1955:34).

## HEIMILDASKRÁ

*Handrit*

Add 3 fol.

AM 702 4to

AM 148 8vo

*Prentuð rit*

- Alexander, Gavin. 2004. Introduction. *Sidney's 'The Defence of Poesy' and Selected Renaissance Literary Criticism*. Útg. Gavin Alexander. Penguin Books, London.
- Aristóteles. 1976. *Um skáldskaparlístina*. Íslensk þýðing Kristján Árnason. Hið íslenska bókmennatafélag, Reykjavík. Lærdómsrit Hins íslenska bókmenna-félags.
- Arvidi, Andreas. 1651. *Manuductio Ad Poesin Svecanam*. Strängnäs.
- Arvidi, Andreas. 1996. *Manuductio Ad Poesin Svecanam, Thet är/ En kort Handledning til thet Swenske Poeterij/ Vers- eller Rijm-Konsten*. Útg. Mats Malm. Svenska författare utgivna av Svenska Vitterhetssamfundet. Ny serie. Stokkhólmur.
- Árni Sigurjónsson. 1995. *Bókmennatakenningar síðari alda*. Heimskringla/Háskóla-forlag Máls og menningar, Reykjavík.
- Danske metrikere II*. 1954. Útg. Arthur Arnholtz og Erik Dal. J.H. Schultz forlag, Kaupmannahöfn.
- Einar G. Pétursson. 1998. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða*. I. Inngangur. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík. Rit 46.
- Einar Sigmarsson. 2003. Glímt við gamla gátu. Hver er höfundur Qualiscunque descriptio Islandiae? *Saga* 41(1):97–133.
- Faulkes, Anthony. 1979. Introduction. *Edda Magnúsar Ólafssonar (Laufás Edda)*, s. 13–186. Útg. Anthony Faulkes. Two Versions of Snorra Edda from the 17th Century. 1. bindi. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík. Rit 13.
- Faulkes, Anthony. 1993. *Magnúsarkver*. The Writings of Magnús Ólafsson of Laufás. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík. Rit 40.
- Guðbrandur Þorláksson. 1972 (1589). Formáli Guðbrands biskups Þorlákssonar fyrir sálmobókinni 1589. Útg. Magnús Guðmundsson prófastur. *Kirkjuritið* 38(2):124–130.
- Horatius. 1978. *Horace Satires, Epistles, Ars Poetica*. Ásamt enskri þýðingu eftir H. Rushton Fairclough. Harvard University Press, Cambridge, Mass. The Loeb Classical Library 194.
- Íslenska alfræðiorðabókin I–III. 1990. Bókaútgáfani Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Jóhann Gunnar Ólafsson. 1956. Magnús Jónsson 1637–1702 (Vigur). *Skírnir* 130:107–126.
- Jón Guðmundsson. 1998. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða. Samantektir um skilning á Eddu og Að fornu í þeirri gömlu norrænu kölluðust rúnir bæði ristningar og*

- skrifelsi.* 2. bindi. Einar Gunnar Pétursson gaf út. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík. Rit 46.
- Jón Helgason. 1955. Inngangur. *Kvæðabók úr Vigur. AM 148, 8vo.* Íslensk rit síðari alda 2. flokkur. Ljósprentanir. 1. bindi B. Hið íslenzka fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Jón Ólafsson. 1996. *Hagþenkir. JS 83 fol.* Þórunn Sigurðardóttir sá um útgáfuna. Góðvinir Grunnavíkur-Jóns og Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, Reykjavík.
- Jón Ólafsson. 1728. Apparatus ad Historiam Literariam Islandicam. Óprentuð ritgerð varðveitt á handritasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum undir safnmarkinu Add 3 fol.
- Judichær, Søren Poulsen Gotlænder. 1650. *Synopsis Prosodiæ Danicæ.* Kaupmannahöfn.
- Judichær, Søren Poulsen Gotlænder. 1671. *Prosodia Danica, eller danske Riimkunst.* Kaupmannahöfn.
- Kvæðabók úr Vigur. AM 148, 8vo.* 1955. Íslensk rit síðari alda. 2. flokkur. Ljósprentanir. 1. bindi A. Hið íslenzka fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Loth, Agnete. 1967. Om håndskrifter fra Vigur i Magnus Jónssons tid, tre bidrag. *Opuscula 3:92–100.* Bibliotheca Arnamagnæana 29. Kaupmannahöfn.
- Magnús Ólafsson. 1636. Dn. Magni Olavii de Poesi nostra discursus. Í Ole Worm, *Literatura Rúnica.* Kaupmannahöfn. [Endurpr. ásamt enskri þýðingu A. Faulkes: *Edda Magnúsar Ólafssonar (Laufás Edda)*, s. 408–415. Útg. Anthony Faulkes. Two Versions of Snorra Edda from the 17th Century. 1. bindi. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík. Rit 13.]
- Magnús Ólafsson. 1665. *Edda Islandorum.* Kaupmannahöfn.
- Margrét Eggertsdóttir. 2005. *Barokkmeistarinn. List og lærðómur í verkum Hallgríms Péturssonar.* Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík. Rit 63.
- Oddur Einarsson. 1971. *Íslandsþýsing. Qualiscunque descriptio Islandiae.* Sveinn Pálsson snéri á íslenzku. Formáli eftir Jakob Benediktsson. Reykjavík.
- Opitz, Martin. 1624. *Buch von der deutschen Poeterey.* Breszlaw.
- Opitz, Martin. 1963. *Buch von der Deutschen Poeterey (1624).* Neudrucke Deutscher Literaturwerke, Neue Folge 8. Richard Alewyn gaf út. Tübingen.
- Plett, Heinrich F. 2004. *Rhetoric and Renaissance Culture.* Walter de Gruyter, Berlin og New York.
- Puttenham, George. 1589. *The Art of English Poesie.* London.
- Scaliger, Julius Caesar. 1561. *Poetices libri septem.* Lyon og Genf.
- Scaliger, Iulius Caesar. 1994–2003. *Poetices libri septem. Sieben Bücher über die Dichtkunst.* Útgefandi og þýðandi Luc Deitz. frommann-holzboog, Stuttgart-Bad Cannstatt.
- Sidney, Sir Philip. 1595. *The Defence of Poesie.* London.
- Sidney's 'The Defence of Poesy' and Selected Renaissance Literary Criticism. 2004. Útgefandi Gavin Alexander. Penguin Books, London.

- Sigurður Pétursson. 2007. *Saxo og Cardanus. Yderst mod norden. Albvm amicorum. Renaissanceforum 3.* www.renaissanceforum.dk.
- Springborg, Peter. 1969. Nyt og gammelt fra Snæfjallaströnd. Bidrag til beskrivelse af den litterære aktivitet på Vestfjordene i 1. halvdel af det 17. århundrede. *Afmælisrit Jóns Helgasonar 30. júní 1969*, s. 288–327. Heimskringla, Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 1996. „Suptungs mjöðurinn sjaldan verður sætur fundinn“. *Guðamjöður og arnarleir. Safn ritgerða um eddulist*, s. 65–89. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Virgill. 1978. *Virgil I. Eclogues, Georgics, Aeneid I–VI*. Ásamt enskri þýðingu eftir H. Rushton Fairclough. Harvard University Press, Cambridge, Mass. The Loeb Classical Library 63.
- Porlákur Skúlason. 1636. *Literarum Runicarum in Poësi usum uberius declarans*. Í Ole Worm. *Literatura Runica*. Kaupmannahöfn.

## ABSTRACT

The best known work on Icelandic poetics is undoubtedly Snorra-Edda, written in the thirteenth century, transcribed and translated in the late Middle Ages and the Early Modern period. Major seventeenth-century poetics based on the Edda are “Laufás-Edda” by Magnús Ólafsson, pastor at Laufás in the north east of Iceland, and “Samantektir um skilning á Eddu” by Jón Guðmundsson “the learned”. Other treatises on poetics, however, exist in Iceland from this era. For example, the MS AM 148 8vo, written in the latter half of the seventeenth century, includes two short essays on Icelandic poetics. Both of them were transcribed by Magnús Jónsson (1637–1702), a wealthy farmer in the Western Fjords and a collector of manuscripts. One of the pieces is a translation of a treatise in Latin by Magnús Ólafsson, published in Ole Worm’s *Literatura Runica* in 1636 (second printing in 1651), but the other one is of an unknown origin.

It is clear that the authors of both treatises were learned men, versed in classical and medieval literature and rhetoric. Both refer to Snorra-Edda and to various classical authors. The former discusses the stylistic device of hyperbole in sagas, *rímur* and poetry, but the latter focuses on the nature of Icelandic literature, its art and learning. Both treatises deal more with theories, the rules and methods in poetry, rather than about particular poets or poems, although the latter one mentions a few medieval poets.

Pórunn Sigurðardóttir  
*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Háskóla Íslands*  
 Árnagarði við Suðurgötu  
 IS-101 Reykjavík, Ísland  
 thsig@hi.is